



Yfirlýsing vegna vísunar kjaraviðræðna til ríkissáttasemjara

Lágmarkslaun á íslenskum vinnumarkaði eru 300 þúsund krónur á mánuði samkvæmt kjarasamningum við Samtök atvinnulífsins. Húsnæðiskreppa og tilfærsla skattbyrði frá þeim ríku yfir á þá efnaminni gerir það að verkum að ekki er hægt að lifa af þessum launum. Efnahagssuppsveifla síðustu ára hefur ekki skilað láglaunafólki ábata og löngu tímabært að snúa við þeirri öfugþróun.

Stéttarfélag verslunarfólks og almenns launafólks standa sameinuð í þeirri kröfu að dagvinnulaun dugi fyrir mannsæmandi lífi. Krafa okkar er um krónutöluhækkanir sem leiði til sanngjarnari skiptingar kökunnar, ekki prósentuhækkanir og launaskrið.

Samtök atvinnulífsins hafa svarað kröfum okkar með gagnkröfu um uppstokkun á vinnutíma og breytingum á grundvallarréttindum launafólks - réttindum sem náðust með áralangri baráttu vinnandi fólks. Tólf tíma vinnudagur var raunveruleiki hér á landi á árum áður. Slíkt verður aldrei liðið aftur á íslenskum vinnumarkaði. Skilgreiningar á vinnutíma er ávinningur af kjarabaráttu síðustu alda sem aldrei verður fórnað fyrir nafnlaunahækkanir sem geta brunnið upp í verðbólgu.

Við gerum kröfu um róttækar breytingar á núverandi kerfi, sanngjarnar launaleiðréttingar og boðlegt líf en fáum lítil sem engin svör. Þeir sem vilja tryggja sanngirni og réttlæti á vinnumarkaði eru sakaðir um ábyrgðarleysi og jafnvel öfgar. Eini kosturinn sem býðst vinnandi fólki er kyrrstöðusamningar. Enn og aftur er til þess ætlast að láglaunafólk á Íslandi sitji eftir á meðan þeir launahæstu skammta sjálfum sér tugprósenta launahækkanir án þess að blikna.

Verkalýðshreyfingin stendur sterk og mun berjast til að ná fram kröfum fólksins um mannsæmandi líf.

Við undirrituð teljum að sögulegt tækifæri sé fólgið í breiðri samstöðu stéttarféлага almenns verkafólks og verslunarfólks um krónutöluhækkanir og hækkun lægstu launa.

Við undirrituð teljum að viðræður síðustu vikna við Samtök atvinnulífsins hafi verið árangurslausar og afstöðu stjórnvalda skýra vísbendingu um að þau hyggist ekkert gera til að liðka fyrir viðræðum.

Við höfum því tekið þá ákvörðun að vísa viðræðum þeirra stéttarféлага sem við veitum forystu við Samtök atvinnulífsins til ríkissáttasemjara.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar – stéttarfélags

Vilhjálmur Birgisson, formaður VLFA